

Töfrasprotinn

.....
FIMMTUDAGUR 22. SEPTEMBER 2011



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

.....

Sinfónía Mozarts tekur um 30 mínútur í flutningi.

Tapiola er um 18 mínútur að lengd og Sinfóníettan eftir Janáček um 24 mínútur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok verka.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1.

Þeir verða síðan aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 22. SEPTEMBER 2011 KL. 19.30

Gennadij Rosdestvenskij, hljómsveitarstjóri

Wolfgang Amadeus Mozart *Sinfónía nr. 39 í Es-dúr, K. 543 (1788)*

Adagio – Allegro

Andante con moto

Menuetto. Allegretto

Finale. Allegro

Hlé

Jean Sibelius

Tapiola, sinfónískt ljóð (1926)

Leoš Janáček

Sinfónietta (1926)

Allegro

Andante

Moderato

Allegretto

Allegro

Gennadíj Rosdestvenskíj

hljónsveitarstjóri



Gennadíj Rosdestvenskíj er einn af virtustu hljónsveitarstjórum samtímans. Hann fæddist í Moskvu 1931 og nam píanóleik hjá Lev Oborin, sem einnig var kennari Ashkenazys, og hljónsveitarstjórn hjá föður sínum, Nikolaj Anosov, við Tónlistarháskólann í Moskvu. Hann var ráðinn til Bolshoi-ballettsins aðeins tvítugur að aldri og þannig hófst langt og farsælt starf hans í því sögufræga húsi; hann var aðalstjórnandi þeirra frá 1964–70 og aftur árið 2000. Þar hefur hann stjórnað yfir 30 óperum og ballettum, stýrði heimsfrumflutningi á ballettinum *Spartacus* eftir Katsjatúrían og frumflutti í Sovétríkjunum óperu Brittens, *Draumur á Jónsmessunótt*.

Rosdestvenskíj var um árabíl stjórnandi Útvarpshljónsveitarinnar í Moskvu og var fyrsti sovéski stjórnandinn sem fékk leyfi stjórnvalda til að taka við föstum stöðum erlendis; hann var m.a. aðalstjórnandi BBC-sinfóníuhljónsveitarinnar í Lundúnum, Sinfóníuhljónsveitarinnar í Vínarborg og Konunglegu Filharmóníunnar í Stokkhólmi. Hann hefur hljóðritað yfir 700 verk, meðal annars allar sinfóníur Sjostakovitsj og Prokofíevs auk fjölda verka eftir Schnittke, Denisov og Gubaidulinu, en öll þessi tónskáld voru nánir vinir hans og mörg þeirra tileinkuðu honum verk sín.

Rosdestvenskíj hefur hlotið fjölda viðurkenninga á löngum ferli, m.a. heiðursorður frá forseta Frakklands og Japanskeisara, auk þess sem hann er meðlimur Stokkhólmsakademíunnar og Bresku akademíunnar. Hann hefur verið prófessor í hljónsveitarstjórn í Moskvu í yfir 30 ár og heldur fjölda námskeiða á ári hverju. Hann stjórnaði Sinfóníuhljónsveit Íslands á Listahátíð 2009 og tók í kjölfarið við stöðu aðalgeststjórnanda hljónsveitarinnar.

Wolfgang Amadeus Mozart

Sinfónía nr. 39



Menn hafa löngum velt því fyrir sér hvaða félagslegu eða sálfræðilegu kringumstæður leiddu til þess að Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) samdi þrjár síðustu – og merkustu – sinfóníur sínar á innan við átta vikum sumarið 1788. Lengi var það trú manna að á þessum tíma hafi hinn misskildi snillingur verið hvað verst leikinn af meðbræðrum sínum og því séð sig knúinn til að semja verk sem gætu gefið eitthvað í aðra hönd. Víst voru þetta erfiðir tímar í lífi hans, en það stafaði einkum af því að veldi Habsborgara átti í gríðarmiklum erfiðleikum á þessum tíma og afleiðingin var kreppa sem snerti alla íbúa austurríska keisaradæmisins. Jósef II Austurríkiskeisari háði stríð við Tyrki í nafni Katrínar, keisaraynju Rússa, en ekki fór betur en svo að herinn sneri heim árið 1790 eftir þriggja ára dýrkeypta niðurlægingu.

Kreppan í Vínarborg hafði afleit áhrif á listalíf borgarinnar: aðalsfólk dvaldi heldur í Ungverjalandi, einkahljómssveitir lögðust af og tónleikum fækkaði. Mozart gegndi ekki fastri stöðu og varð því sérlega illa fyrir barðinu á kreppunni, til dæmis var engin ópera pöntuð frá honum á stríðsárunum og áform um tónleikahald í Vínarborg urðu öll að engu. Í júlí 1788 – mánuði eftir að hann lauk við Es-dúr sinfóníuna – ritaði hann frímúrararbróður sínum Michael Puchberg örvæntingarfull bréf og bað hann um að lána sér fé þangað til eftirspurn eftir tónlist sinni tæki að glæðast á nýjan leik.

Hægir inngangar eru furðu sjaldgæfir í sinfóníum Mozarts. Þá er aðeins að finna í þremur: Linz-, Prag-, og Es-dúr sinfóníunum. Af þeim er sá síðastnefndi hvað dramatískastur, og hefst með þykku og voldugum hljómunum. Smám saman verða þeir dekkri, hnígandi fiðluskalarnir ekki alveg jafn fyrirsjáanlegir og áður, og þegar minnst varir kemur Mozart hlustandanum í opna skjöldu með skerandi ómstríðu; hljómaaval meistarans gerist ekki öllu djarfara en í lokatöktum inngangsins. Í hugljúfum upphafstöktum Allegro-þáttarins er sem öllum skýjum hafi verið svipt í burtu, en af og til vísar Mozart til stormasamra upphafstaktanna, til dæmis með hnígandi fiðluskölum og krómátík í neðri strengjum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI


Sinfónía Mozarts hljómaði fyrst á tónleikum hér á landi árið 1950, undir stjórn Victors Urbancic. Síðan hefur hún hljómað margoft í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, síðast undir stjórn Benjamins Shwartz árið 2010.

Andante-kaflinn gefur heldur ekki allt uppi við fyrstu heyrn. Stefið er einfalt, þokkafullt, sakleysislegt, en í síðustu tóktunum verður það öllu þungbúnara. Dúr verður að moll og við tekur stormasamur og átakamikill millikafli þar sem Mozart nýtir sér hæfileika sína til fulls og skapar stórfenglegan þátt úr einföldum efniviði.

Menúettinn er þróttmikill en um leið sveitalegur, ekki síst í tríókaflanum. Þar notar Mozart ósvikið *ländler*-stef í klarínettum, en þau voru algeng danshljóðfæri í austurrískum sveitaþorpum á 18. öld. Í gamansömum lokaþættinum heyrst glögg hvílík áhrif Joseph Haydn hafði á yngri kollega sinn. Kaflinn er í einstefja sónötuformi, sem var sérgrein eldri meistarans: fjörugt upphafsstefið er hið eina sem heyrst í öllum kaflanum. Þegar kemur að úrvinnslunni bregður Mozart á leik og leyfir stefinu að gægjast fram í nánast hverri einustu tóntegund sem fyrirfinnst. Að loknum nokkrum rússbanaferðum um hin ýmsu hljómasvæði lendum við aftur á upphafsreit. Mozart leiðir okkur að lokatóktunum með bjartsýni og lífsgleði sem virðist ganga þvert á það sem við vitum um bág kjör hans og aðstæður um það leyti sem þessi tónlist varð til.

Jean Sibelius

Tapiola



Tónskáld eiga það til að semja fram í rauðan dauðann. Mozart var einn margra sem skildi eftir sig ófullgert stórvirki við andlátið, Stravinskíj samdi framyfir áttætt og bandaríska tónskáldið Elliott Carter hefur samið 14 ný verk síðan hann hélt upp á aldarafmæli sitt árið 2008. Í raun eru aðeins tvö dæmi um að tónskáld í fremstu röð hafi sagt skilið við tónsmíðarnar þegar ferill þeirra stóð sem hæst. Rossini hætti að semja um fertugt og sneri sér í staðinn að matargerð; Jean Sibelius (1865–1957) var ríflega sextugur þegar hann samdi *Tapiola*, sem varð síðasta stóra hljómsveitarverk hans. Hann lifði í þrjá áratugi enn og tónlistarunnendur um allan heim biðu í ofvæni eftir áttundu sífóníunni sem sagt var að hann væri með í smíðum. Að sögn Aino, eiginkonu Sibeliusar, safnaði hann fjölmörgum nótnablöðum saman í stóran bálköst og kveikti í öllu saman, líklega um 1940.

Sibelius sótti hvað eftir annað innblástur í finnskar þjóðsögur og kvæði, og svo er einnig hér. *Tapiola* er finnski skógarguðinn og tónverkið dregur nafn sitt af ríki hans. *Tapiola* ber þess öll merki að vera samið af reyndu sífóníutónskáldi; útsetningin er meistaralega útfærð, stefin skýr og knöpp, og tengjast innbyrðis með ýmsum hætti. Tónsmíðarnar gengu líka áreynslulaust fyrir sig, sem ekki hafði verið raunin með síðustu sífóníur Sibeliusar; þær urðu til í skugga alkóhólisma og hjónabandserfiðleika sem drógu úr honum bæði innblástur og lífsgleði.

Tapiola var eitt fárra sífónískra verka sem Sibelius samdi eftir pöntun. Hann hafði fengið símskeyti frá Walter Damrosch í janúar 1926 þar sem óskað var eftir nýju verki fyrir Fílharmóníuhljómsveitina í New York. Sibelius hélt til Ítalíu um vorið og þar varð *Tapiola* til. Verkið kom fremur flatt upp á tónleikagesti við frumflutninginn og nokkrir áratugir liðu þar til merkir hljómsveitarstjórar á borð við Koussevitzky og Karajan tóku það upp á arma sína. Stemningin í verkinu er fremur dökk, jafnvel ógnvekjandi á köflum. Tónlistin er nær eingöngu í moll alveg fram að lokatöktunum, þegar friðsæll og bjartur H-dúr nær völdum. Skoski gagnrýnandinn Cecil Gray var einn þeirra fyrstu

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveitin hefur fjórum sinnum leikið Tapiola á tónleikum, fyrst árið 1962 undir stjórn Jindrichs Rohan, en síðast 1990 undir stjórn Osmo Vänskä. Þá hljóðritaði SÍ verkið undir stjórn Petri Sakari fyrir Naxos-útgáfuna árið 2000 og hlaut sú upptaka mikið lof gagnrýnenda.

sem sá í *Tapiola* eitt af merkustu verkum Sibeliusar; í gagnrýni sinni árið 1931 fór hann um það þessum orðum: „Jafnvel þótt Sibelius hefði ekki samið neitt annað hefði þetta eina verk nægt til að skipa honum sess meðal meistara tónlistarsögunnar.“

Leoš Janáček

Sinfóníetta

Ekki hafa öll tónskáld sögunnar verið undrabörn eða látið snemma að sér kveða í tónlistinni; Anton Bruckner stóð á fimmtugu þegar hann fór að vekja athygli fyrir sínfóníur sínar, og tékkneska tónskáldið Leoš Janáček (1854–1928) var kominn á sjötugsaldur þegar hann sló í gegn með óperunni *Jenufa* árið 1916. Síðasta áratuginn sem hann lifði samdi hann hvert stórvirkið á fætur öðru: óperurnar *Katya Kabanova* (1921), *Litla slynga tæfan* (1923) og *Makropoulos-málið* (1925), tvo strengjakvartetta, og Sinfóníettuna sem hljómar á tónleikum kvöldsins.

Tónlist Janáčeks er um margt einstök. Hann hafði mikinn áhuga á þjóðlegri menningu Tékklands og skapaði frumlegt tónmál sem byggir á hljómfalli og hryn tékkneska tungumálsins. Hann notar nýstárlega hljóma og formgerðir í tónlist sinni, en gætti þess að tónlistin stefndi ávallt að einhvers konar tónmiðju. Hugmyndinni að sínfóníettunni var sáð þegar Janáček var beðinn um að semja lúðragjall fyrir stóra fimleikahátíð í Tékklandi. Verkið óx að stærð og inntaki, og varð að lokum að fimm þátta hljómsveitarverki sem tónskáldið tileinkaði tékkneska hernum. Janáček kvaðst hafa viljað lýsa í tónlistinni „nútimamanninum, fegurð hans og gleði, styrk hans, hugrekki, og vilja hans til að berjast fyrir frelsinu“.

Leoš Janáček

Sinfónietta



„Sinfónietta“ gæti útlagst sem „lítil sinfónía“, en þótt verkið sé styttra en flestar sinfóníur er það þó stórbrotið á sinn hátt. Trompetar, túbur og slagverk mynda eins konar viðbót við hina hefðbundnu hljómsveit, og er þetta helsta ástæða þess að verkið heyrst ekki oftar á tónleikum en raun ber vitni; jafnvel stærstu sinfóníuhljómsveitir heims hafa ekki fjórtán trompetleikara á sínum snærum. Einnig má geta þess að Sinfóniéttan var síðasta hljómsveitarverkið sem Janáček lauk við, og má því segja að hljómsveitarferli þeirra Sibeliusar hafi lokið um sama leyti með verkunum sem hljóma á tónleikunum í kvöld.

Janáček starfaði lengst af í borginni Brno í Mæri, og borgin virðist hafa verið honum hugstæð þegar hann samdi Sinfóniétturna. Skömmu eftir frumflutninginn gaf hann köflunum yfirskriftir sem vísa til staða eða svipmynda af borginni. Fyrsti þáttur („Lúðragjall“) er glæsilegur og byggir á stuttum mótívum fyrir málmblásara; annar þáttur („Kastalinn“) er lengri og litskrúðugri enda kemur öll hljómsveitin hér við sögu. Þriðji þáttur („Drottningarklaustrið“) er hæglátur og friðsæll í upphafi, en áður en yfir lýkur hefur fjörugt *prestissimo* tekið völdin. Hraður *scherzo*-kaflinn („Strætið“) leiðir síðan inn í lokapáttinn („Ráðhúsið“) sem hefst sem endurminning um ráðhúsið í Brno, en lýkur með stórfenglegri endurkomu lúðragjallsins úr upphafskaflanum.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur einu sinni áður flutt Sinfóniétturna Janáčeks, undir stjórn Alexanders Anissimov árið 2002. Í kvöld er verkið þó flutt í fyrsta sinn á Íslandi með þeim fjölda málmblástursleikara sem tónskáldið gerði ráð fyrir.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

22. september 2011

1. FÍÐLA

Ari Þór Vilhjálmsson
Sigrún Eðvaldsdóttir
Sif Margrét Tulinius
Andrzej Kleina
Lin Wei
Olga Björk Ólafsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Zbigniew Dubik
Ágústa María Jónsdóttir
Martin Frewer
Pálína Árnadóttir
Laufey Sigurðardóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir

2. FÍÐLA

Greta Guðnadóttir
Roland Hartwell
Mark Reedman
Margrét Þorsteinsdóttir
Þórdís Stross
Kristján Matthíasson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Greta Salome Stefánsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Christian Diethard
Lilja Hjaltadóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Joanna Bauer
Helga Steinunn Torfadóttir

VÍÓLA

Helga Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Þórarinn Már Baldursson
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfrur Alfreðsson
Kathryn Harrison
Sesselja Halldórsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Lovisa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Inga Rós Ingólfsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Magnea Árnadóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

KLARINETT

Einar Jóhannesson
Ármann Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Darri Mikaelsson

HORN

Joseph Ognibene
Stefán Jón Bernharðsson
Lilja Valdimarsdóttir
Anna Sigurbjörnsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Baldvin Oddsson
Hannah Rós Sigurðardóttir
Jóhann I. Stefánsson
Jóhann Nardeau
Óðinn Melsted
Steinar M. Kristinsson
Sveinn Birgisson
Vilhjálmur I. Sigurðsson

BASSATROMPET

Jón Halldór Finnsson
Einar Jónsson

BÁSÚNA

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson

BASSABÁSÚNA

David Bobroff
Douglas Yeo

TENORTÚBA

Stefán Ómar Jakobsson
Vilborg Jónsdóttir

BASSATÚBA

Austin Howle

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Frank Aarnink



Borgun er einn af samstarfsaðilum Sinfónúhljómsveitar Íslands
og treystir þannig undirstöður sveitarinnar.



BORGUN

AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík • Sími 560 1600 • www.borgun.is



ÓPERA EFTIR C. GOUNOD

FAUST

BEIN ÚTSENDING FRÁ LONDON
ROYAL OPERA HOUSE
28. SEPTEMBER KL. 17:45
Í HÁSKÓLABÍÓI

FAUST VITTORIO GRIGOLO
MÉPHISTOPHÉLÈS RENÉ PAPE
MARGUERITE ANGELA GHEORGHIU
SIÈBEL MICHÈLE LOSIER
VALENTIN DMITRI HVOROSTOVSKY
HLJÓMSVETARSTJÓRI EVELINO PIDÒ



ROYAL OPERA HOUSE & HÁSKÓLABÍÓ

MIÐASALA Á WWW.MIÐI.IS


sena